

Á næstunni:

Jólaball


Jólaball félagsins verður haldið
mánudaginn 30. desember
kl. 16 til 19 í Síðumúla 11
í sal Starfsmannafélags Flugleiða.
Jólasveinninn okkar hann
Skyrgámur kemur í heimsókn.
Aðgangseyrir er 800 kr
fyrir börn og 300 kr
fyrir fullorðna.

Norðurlandsdeild Akureyri

Jólaball Norðurlandsdeilda verður haldið 28. desember kl.15 í Galtalæk. Dansað verður í kringum jólatréð og jólasveinn kemur í heimsókn. Vinsamlegast komið með kökur. Upplýsingar hjá Helga í síma 462-5424 eða hjá Elínu í síma 462-5222

Fræðslu og umræðu- fundur

Næsti fræðslu- og umræðufundur verður haldinn miðvikudaginn 29. janúar nk kl. 20.30 - 22.30 í húsakynnum félagsins að Grettisgötu 6. Til umræðu verður félagsleg einangrun og einelti. Sjá nánar á baksíðu.



*Gleðileg jól og
farsælt komandi ár*

Meðal efnis:

Bls. 4-5 Til verðandi foreldra.

Bls. 6-7 Ættleiðingar frá Rúmeníu.

Bls. 8-9 Af hverju börn forðast að tala um uppruna sinn og ættleiðingu.

Bls. 10 Nýir Íslendingar.



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

Fréttabréf Félagsins Íslensk Ættleiðing

Útgefandi:
 Íslensk Ættleiðing
 Grettsigötu 6
 101 Reykjavík
 Sími: 551 4280
 Fax: 562 4910

Ábyrgðarmaður:
 Olga Stefánsdóttir

Ritnefnd:
 María J. Gunnarsdóttir
 Snjólaug Stefánsdóttir

Opnunartími skrifstofu:
 kl. 10-12 miðvikudag og föstudag

Stjórn:
 Ingibjörg Birgisdóttir, formaður
 Lísa Yoder, varaformaður
 Olga Stefánsdóttir, gjaldkeri
 Ingvar Kristjánsson, ritari
 Guðrún Sveinsdóttir, meðstjórnandi
 Guðlaug Guðmundsdóttir, varamaður
 Ásdís Guðmundsdóttir, varamaður

Fulltrúar í Norðurlandsdeild:
 Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri
 Helgi Stefánsson, Akureyri
 Sigurlína Jónsdóttir, Húsavík

Fræðslunefnd:
 Ásdís Guðmundsdóttir
 Guðlaug Guðmundsdóttir

Umbrot og prentun:
 Prisma/Prentbær,
 Bæjarhrauni 22, Hafnarfirði

Fréttir frá stjórn og skrifstofu

Rúmenía

Nú hafa fyrstu umsóknir verið sendar til Rúmeníu. Formaður Íslenskrar Ættleiðingar fór þangið í heimsókn fyrir stuttu, eins og sagt er frá annars staðar í blaðinu. Við bindum miklar vonir við Rúmeníu sem gott ættleiðingarland fyrir Íslendinga. Frá Kína er ekki enn komið svarið sem við höfum beðið eftir nú í hálft ár. Stjórn félagsins hefur óskað eftir liðsinni dómsmálaráðherra við að koma á sambandi við kínversk stjórnvöld. Dugi það ekki þá er næsta skref væntanlega að fulltrúar félagsins heimsækja ættleiðingarmiðstöðina í Beijing.

Sorgarfréttir

Við höfðum varla átt að okkur á láti Chandana þegar aftur barst fax með slænum fréttum frá Calcutta. Pussy, dóttir Chandana, lést þann 4. nóvember. Flestir Íslendingar sem farið hafa til Calcutta hafa hitt Pussy, og undantekningarlaust hafa þeir lýst yfir ánægju sinni með að hafa kynnst þessari indælu stúlku sem talaði góða ensku og gerði sitt besta til að aðstoða fjölskyldurnar. Fráfall móður hennar og erfiðar kringumstæður urðu Pussy um megn.

Anjau mun halda rekstri barnaheimilisins áfram, en búast má við töfum fyrst um sinn að minnsta kosti. Sex börn hafa komið frá Calcutta á árinu og er fækkunin vegna fyrirskipana frá Delhi um breytingar á reglum sem töfdu allar ættleiðingar til útlendinga. Í fyrsta sinn síðan ættleiðingar frá Calcutta hófust urðu tasir á heimferð íslenskrar fjölskyldna í sumar. Fólkid lenti í því að vegabréf tveggja barna voru ekki tilbúin á réttum tíma. Vegabréfaskrifstofan heimtaði að fá íslenska pappíra stimplaða af indversku sendiráði og tók ekki gildar þær stimplanir sem alltaf hafa gilt og eru nefndar í indverskum lögum. Varð því að stimpla afrit af pappírum hér, senda héðan til Oslo til stimplunar í sendiráðinu, og síðan áfram til Calcutta. Hlaust af þessu mikill aukakostnaður og stress, en það hafðist að koma umbeðnum gögnum til Calcutta á viku, þannig að heimferðin tafðist um þann tíma. Var þá faðir annars barnsins búinn að dvelja í Calcutta í tvær vikur, en þetta er þriðja ferð hans þangað. Allir foreldrar indverskra barna verða áfram að skila skýrslum sem þeir hafa skuldbundið sig til að gera í fimm ár eftir að barnið kom til Íslands.

Aðalfundurinn - Norðurlandsdeild stofnuð

Aðalfundur félagsins var haldinn 9. nóvember. Þeir sem kosnir voru í stjórn eru nefndir hér í dálkinum við hliðina. Síðastliðið vor var stofnuð Norðurlandsdeild á Akureyri. Hún mun sjá um félagsstarfið fyrir norðan s.s. fræðslufundi og jólaball. Fyrsti fundur deildarinnar var haldinn viku eftir aðalfund og sagði fulltrúi deildarinnar, Helgi Stefánsson, sem tók þátt í aðalfundinum frá honum. Miðlun upplýsinga og starf fyrir biðlistafolk verður samt áfram í Reykjavík.

Umraðufundir

Félagið hefur farið á stað með þá nýbreytni að stofna til umraðfunda fyrir foreldra með aðstoð Snjólaugar Stefánsdóttur. Fyrsti fundurinn var um ástina og agann í uppeldinu.

Stærra og betra húsnæði

Síðastliðið sumar fluttum við í stærra húsnæði að Grettsigötu 6. Þetta húsnæði gefur okkur mikla möguleika á fjölbreyttu félagsstarfi. Stjórnin er opin fyrir hugmyndum ykkar og hægt er að hrингja á skrifstofuna eða senda fax með nýjum hugmyndum.

Pankastrík

Þó svo að ég hafi sjálf aldrei gengið með barn þá ímynda ég mér að ef svo hefði verið hefði ég íhugað þann möguleika að eitthvað gæti orðið að barninu. Þegar við hjónin biðum eftir eldri dóttur okkar hugsaði ég sáralítid um þennan möguleika, það var ekki fyrr en hún var komin heim heilbrigð og kát stelpa að ég áttaldi mig á því hversu heppin við vorum.

Við ættleiðingu ganga hlutirnir jú öðru vísi fyrir sig en ef gengið er með barn. „Meðgangan“ okkar er mun lengri en gengur og gerist og „fæðingin“ gerist í raun í tveimur hlutum. Fyrst „fæðist“ barnið í formi upplýsinga svo sem fæðingardagur, kyn, þyngd, lengd, líkamlegt ástand og jafnvel fáum við líka mynd af barninu. Seinni hluti „fæðingarinnar“ fer fram töluvert seinna í öðrum heimshluta, þegar við lokins fáum barnið okkar í fangið og getum haldið af stað með það heim. Læknaskýrslur fylgja barninu og ef vitað er um einhverja sjúkdóma þá kemur það þar fram. En, þó læknaskýrslan sé í góðu lagi er ekki þar með sagt að barnið sé alheilbrigð. Við ættleiðingu eins og við fæðingu getur margt gerst, margskonar vandamál andleg og eða líkamleg getur verið ómögulegt að greina hjá mjög ungum börnum. Einnig ber að hafa í huga að heilsugæsla í ættleiðingarlöndum okkar er ekki sambærileg við það sem við þekkjum, þó hún teljist góð miðað við þeirra kröfur.

Fyrir einu og hálfu ári sóttum við hjónin yngri dóttur okkar, þá 6 mánaða til Indlands. Tilhlökkunin var síður minni en í fyrra skiptið. Læknaskýrslan hennar var í góðu lagi og hún leit ljómandi vel út, reyndar var hún þreytt eftir ferðalagið heim, en það þykir ekki óeðlilegt. Við fórum með hana í læknisskoðun hjá Gestí Páls strax daginn eftir komuna til landsins, eftir þá skoðun kom í ljós að hún átti við alvarlegt hjartavandamál að stríða. Gestur sá um að koma henni til hjartasérfræðings þar sem hún hefur verið í meðferð og eftirliti síðan. Við höfum verið afskaplega lánsöm, meðferðin hefur gengið mjög vel og í dag er hún heilbrigð barn. Okkar tilfelli sýnir það svo sannarlega hversu mikilvægt það er að við fórum með börnin okkar í skoðun til Gestis eins og við reyndar skuldbindum okkur til að gera áður en farið er af stað til að ná í barnið.

Þegar við biðum eftir þeirri litlu var ég meðvitaðri um hugsanleg veikindi barnsins sem ég var ekki í fyrra skiptið en ég var þá frekar með í huga möguleika á ýmiskonar sýkingum sem auðvelt yrði að laga. Aldrei flögraði að mér sá möguleiki að barnið gæti verið mjög alvarlega veikt. Þessi reynsla okkar var mjög erfið og ekkert getur að mínu mati búið fólk undir svona reynslu. Það að eignast veikt barn breytir öllu. Þær væntingar sem maður hafði eru ekki raunhæfar lengur, áætlanir sem búið var að gera standast ekki. Það þarf að byrja



Systurnar Sandra María 6 ára og Karen Sif 2 ára í lok desember.

alveg upp á nýtt, allt miðast út frá veika barninu, það hefur nú forgang, allar ákvæðanir eru teknar með tilliti til þess. Það segir sig sjálf að þetta reynir mjög á fjölskylduna og þá ekki síst það barn sem fyrir er. Við höfum oft heyrt talað um mikilvægi stórfjölskyldunnar við ættleiðingu, þarna fundum við svo sannarlega hversu gott er að eiga góða að sem eru tilbúnir til að rétta manni hjálparhönd og styðja við bakið á manni á allan hátt.

Við áttum vissan rétt hjá Tryggingastofnun vegna veikinda barnsins. Þegar við fórum að vinna í þeim málum kom í ljós að réttur t.d. til lengingar á fæðingarorlofi miðast við fæðingardag barnsins. Lengingen fæst aðeins ef barnið veikit ist innan þriggja mánaða frá fæðingu og þ.a.l. fengum við ekki þá lengingu. Greinilega þarf að fara í gegnum tryggingsarlögum og samræma rétt kynforeldra og kjörforeldra. Parna kemur félagið til með að vinna í því að breytingar verði gerðar.

Allir þrá að eignast heilbrigð barn, hvort sem um fæðingu eða ættleiðingu er að ræða. Hvert heilbrigð barn er kraftaverk sem við tökum of oft sem gefið. En við megum ekki gleyma þeim möguleika um barnið okkar, sem við höfum beðið svo lengi eftir, gæti mögulega verið eitthvað veikt, og þurft meiri umönnum og aðstoð en við gerðum ráð fyrir í upphafi.

Guðlaug Guðmundsdóttir.

Til verðandi foreldra

Við hjónin eignum yndislegan þriggja ára dreng, sem fæddist í Thailandi. Að eignast hann varð til þess að lífið okkar breyttist úr því að vera gott í það að verða dásamleg upplifun hverja stund. Öll biðin og vinnan við að koma þessu máli í kring var svo sannarlega þess virði. Og hvort sem þið trúið því eða ekki þá er ég í dag mjög þakklát fyrir að hafa ekki getað fætt af mér börn. Það er undarlegt að það sem fyrir nokkrum árum var svo neikvætt er í dag eitt hið besta sem fyrir mig hefur komið. Nú eignum við son, sem er okkar barn og ef við hefðum sjálf getað eignast börn, þá væri hann ekki okkar. Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda. Allt hefur gengið svo vel og er svo fullkomlega eins og við getum best óskað okkur. Vissulega er áfall að geta ekki fætt af sér börn. En á þeim stundum hugsum við oft dálítið skammt. Það er ekki þar með sagt að við getum ekki eignast börn. Yndislegir einstaklingar eru út um allan heim, börn sem þarfnað foreldra, ástvina sem eiga nóg af kærleik til að veita þeim. Og þessi litlu ljós, þau gefa okkur svo óéandanlega mikið. Því að þó að við ættleiðum börnin þá eru þau okkar. Við gögnum með þau í hjarta okkar og elskum þau ekki minna en þó að við hefðum fætt þau í heiminn.

Ættleiðing er ekki einhver slæmur úrslitakostur heldur dásamlegur möguleiki, sem er mun yndislegri en marga grunar. Það er erfitt að ætla að fara að lýsa því með orðum hve gott það er, þetta er einn af þessum hlutum sem fólk verður að upplifa til að trúa.

Ég er ættleidd sjálf og veit því manna best hvernig það er. Fyrir mér voru það mikil forréttindi. Ég var langþráð barn, sem foreldrar mínr og afar og ömmur báru á höndum sér. Aldrei fann ég fyrir að ég væri öðruvísi vegna þess, ég var raunverulega barnið þeirra og þau raunverulegit foreldrar mínr. Vissulega leitaði ég uppruna míns á unglingsárunum, var forvitin og vildi vita, eins og ég held að flestir geri. En það var einungis jákvætt. Eftir þá leit og skoðun þá skildi ég enn betur hvar ég átti heima og það að blóðbönd eru ekki það sem skipti mig máli. Foreldrarnir sem ólu mig upp og gáfu mér alla sína ást og hlýju eru mínr raunverulegu foreldrar, fólkid þeirra er fólkid mitt. Þannig hugsaði ég og þannig veit ég að börnin mín muni líka hugsa.



Halldór Ingi á leið í afmæli

Ástæðan fyrir því að ég skrifa þessar línur er sú að ef til vill les þær einhver sem er að hugsa sig um. Einhver sem enn heldur að ættleiðing sé slæmur úrslitakostur. Mig langar til að biðja ykkur að hugsa þetta á annan hátt. Ef til vill bíður barnið þitt eftir að þú sækir það. Og án efa býr í brjósti þér þrá eftir barninu og óskilyrtur kærleikur því til handa. Mér fannst þrá míni eftir barninu mínu sterkt þegar ég fór að sækja hann en ég hafði ekki hugmynd um hvað ég elskaði hann mikið og hvað ég í rauninni hafði haft mikla þörf fyrir þennan einstakling. Það að halda á barninu sínu í fyrsta skiptið er ólýsanleg tilfinning. Og þegar fóstran á barnahéimilinu þar sem hann var, rétti mér drenginn og sagði: „Þetta er sonur þinn“, þá fannst mér heimurinn breytast fyrir framan augun á mér og lífið varð dásamlegt. Þetta var stund sem ég hafði lengi þráð en ímyndunarafl mitt hafði aldrei getað framkallað þá sælu sem ég varð aðnjótandi.

Vissulega eignum við alltaf okkar val og við megum aldrei gleyma því. Ég get ekki sagt að eitt sé betra en annað þegar ég er að tala um annað fólk. Við verðum sjálf að finna í hjarta okkar hvað við viljum gera. En við þurfum ekki að vera hrædd við að velja ólíkar leiðir. Hvorki á þessu sviði eða öðru. En við hjónin höfum fundið okkar dásamlegu leið og eru þakklát fyrir þá reynslu og upplifun sem hún hefur gefið okkur. Við ætlum að fara aftur til Thailands þegar við fáum leyfi til. Þá mun verða annað lítið ljós sem biður

okkar og við hlökkum svo sannarlega til. Sú meðganga er nú í hjörtum okkar og veitir heilmikla gleði.

Þið sem hafið valið að eignast börn, sama á hvaða hátt er, til hamingju með það. Ef þið sækið þau til fjarlægra landa, þá vona ég að þið fáið að upplifa yndislegt ævintýri um leið og ykkar heitustu þrár rætast. Gangi ykkur vel og góða ferð.

Birgitta H. Halldórsdóttir

Ættleidd börn og táningaaldurinn

**Heimsókn Ketils Lehlands
frá Noregi**

Í Noregi eru þrjú félög sem aðstoða fólk við ættleiðingu. Eitt af þeim er „Adopsjonsforum“. Skrifstofustjóri þess er Ketil Lehland. Hann kom hingað í heimsókn nū nýverið og hélt fyrirlestur á aðalfundi félags okkar. Fyrirlesturinn fjallaði að mestu um táningaaldurinn. En fyrst sagði hann okkur frá ættleiðingum í Noregi. Þar fæðast um 55 til 56 þúsund börn á ári og af þeim eru um 1% ættleitt frá öðrum löndum eða um 500 börn á ári. Hlutfallslega fleiri ættleiðingar eru í þéttbýli og þá helst í Oslo. Svipaða sögu er að segja frá Svíþjóð.

Talið er að um 22 þúsund börn séu ættleid frá þriðja heiminum á ári. Þetta er ekki mikið því það eru margar milljónir barna í heiminum sem vantar fjölskyldu.

Það eru um 26 ár síðan fyrstu börnini komu til Noregs og þá frá Kóreu og mörg eru á táningaaldri núna. Ýmislegt bendir til að táningaaldurinn 12 til 16 ára sé að mörgu leyti erfiðari fyrir þessi börn en önnur börn og þá jafnframt fyrir foreldra þeirra. Þetta á sérstaklega við um börn sem ættleidd eru þegar þau eru orðin nokkurra ára. Þá hafa þau oft reynt erfiða hluti á fyrstu æviárum sínum. Viss hætta er á, þó að það sé alls ekki algilt, að unglings-árin geti orðið þessum börnum erfið. En á móti kemur að þessi börn fái oft betra atlæti og foreldr-



Ketil Lehland á spjalli við Guðrúnu og Ingibjörgu á ráðstefnu á Indlandi
f. okt. s.l.

arnir nota meiri tíma með börnum sínum. Þau eiga oft erfitt með að mynda sterk tengsl og treysta fullorðnum varlega. En meðalaldur þeirra barna sem ættleidd eru til Noregs er 2 ára og þeim gengur yfirleitt vel, þau mynda mjög sterk tengsl við foreldra sína. Þau eru lengur í foreldrahúsum, yfirgefa seinna hreiðrið og taka síður áhættu. Ketill gaf eitt ráð til foreldra táninga. Þegar þau hóta því að fara að heiman í reiði eins og tit er um unglunga þá eru þau í raun að biðja um staðfestingu á ást þinni. Segðu þá frekar „ég get ekki lifað án þín“, sem er hvort eð er nær sannleikanum, „en farðu bara, góði“.

Ættleiðingar frá Rúmeníu

Ferð formanns á fund Rúmensku Ættleiðingarnefndarinnar

Loksins hafa tekist samningar um ættleiðingar frá nýju landi. Gengið var formlega frá samningi við Rúmensku Ættleiðinganefndina 30. október síðastliðinn. Þetta er stór áfangi fyrir félagið og glædir vonir okkar um að greiðlegar muni ganga að leysa úr málum þeirra sem nú hafa verið á biðlista um all langt skeið. Við væntum okkur mikils af þessu samstarfi og koma fyrstu tvö börnini heim til Íslands fljótlega eftir áramót.

Undirrituð fór til Búkarest til að hitta fulltrúa nefndarinnar og lögfræðing félagsins þar í landi til að ganga frá lausum endum. Nefndina skipa 4 læknar og heyrir hún undir heilbrigðisráðuneyti Rúmeníu en ekki ráðuneyti dómsmála eða félagsmála eins og venja er í löndum þeim sem við ættleiðum frá. Eins og áður hefur komið fram er þetta samband komið á með aðstoð hjóna sem ættleiddu barn frá Rúmeníu í fyrra og þá á eigin vegum, nokkuð sem ekki er leyfilegt lengur enda hljómar samningur okkar þannig að ættleiðingar til Íslands séu einungis leyfðar með milligöngu Ísl. Ættleiðingar. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Dr. Magda Bulescu sem tók afar vel á móti mér og kvaðs vænta góðrar samvinnu við íslendinga, hún var ánægð með frágang pappíra héðan bæði af hálfu félagsins og yfirvalda. Dr. Bulescu kemur til með að yfirfara allar umsóknir frá okkur og er það mun auðveldara en að þurfa að eiga við marga aðila.

Ráðinn lögfræðingur til starfa

Til að geta verið í samstarfi í Rúmeníu er nauðsynlegt að hafa þar tengilið sem getur undirbúið komu þeirra sem þangað fara. Ferillinn í ættleiðingum er oft afar flókinn og því erfiður fólk sem ekki þekkir kerfið og þjóðfélagið. Til að vinna þessa undirbúningsvinnu og að sinna öllum öðrum erindum okkar höfum við ráðið lögfræðing að nafni Maria Letitia Coman. Madam Coman, eins og hún er ávallt kölluð vann að „prívat“ ættleiðingum þegar þær voru leyfðar en við erum fyrsta og eina félagið sem hún starfar fyrir í dag. Það var mjög gagnlegt að hitta hana, skýra okkar sjónarmið og ganga frá þeim málum sem við leggjum áheyrlu á að hún sinni fyrir okkar umsækjendur. Hún er mjög áhugasöm um ættleiðingar og hefur þó nokkra reynslu á þessu sviði frá fyrri störfum þannig að við ættum að geta vænst góðs af samstarfinu við hana. Í þá



Frá vinstri: Madam Coman, Cosana og Ingibjörg

þrjá daga sem ég dvaldi í Búkarest var Madam Coman óþreytandi við að sýna mér allt sem athyglisvert er að sjá í borginni og útskýra alla mögulega og ómögulega hluti í daglegu lífi fólks.

Hún sagði þjóðfélagið hafa breyst og að almenningur í landinu bindi miklar vonir við nýju ríkisstjórnina sem er um það bil að taka við völdum. Þetta var mjög skemmtileg ferð og fróðleg fyrir mig en það sem stendur óneitanlega uppúr eru heimsóknir á tvö barnaheimili sem hún hefur haft milligöngu um ættleiðingar frá.

Tvö barnaheimili heimsótt

Heimilið sem við heimsóttum fyrst er í Búkarest, þar er pláss fyrir 100 börn sem eru á aldrinum ca. 6-7 mánuð til rúmlega 3-ja ára. Aðbúnaður var nokkuð góður og börnin hress og kát þó að auðvitað hafi vantað margt sem okkur þykir sjálfsagt að hafa en tilfinnanlegast vantar þó leikföng fyrir börnin. Það framkallar óneitanlega sterkt viðbrögð hjá manni að ganga inn í herbergi og 10-15 börn stökkva á fætur og fleygja sér í fangið á þér og kalla: mamma, mamma, mamma! En að mörgu leyti var þessi heimsókn samt betri en ég hafði búið mig undir og börnin voru flest kát og léku sér með það litla



Hressir krakkar á förnum vegi í Búkarest

sem á boðstólum var. Þau sem eru eldri fara með starfsstúlkunum þegar þær þurfa að sinna erindum utan heimilisins og andrúmsloftið var mjög afslappað en barnaheimili sem þetta er aldrei, eðlisins vegna, hamingjusamur staður, hversu gott sem starfsliðið er. Hitt barnaheimilið sem við heimsóttum er í litlu þorpi fyrir utan Búkarest og þar eru eingöngu ungarbörn, slík heimili kalla þeir spítala vegna þeirrar umönnunar sem litlu börnin þurfa á að halda. Þarna eru 80 rúm og voru 78 börn þar þegar ég kom. Forstöðukonan er læknir eins og margir í starfsliðinu. Á þessu heimili var allt miklu rólegra, flest barnanna eru um 6-8 máð. Þarna vorum við lengi dags og kynntumst aðstæðum barnanna. Ekki eru öll börnin sett á heimilið með ættleiðingu að markmiði heldur vegna bágra kjara foreldranna sem ef til vill eiga 6-7 önnur börn heima og geta ekki séð fyrir fleirum en vonast til að geta tekið barnið aftur heim seinna. Allt það fólk sem við hittum á þessum barnaheimilum vinnur erfið störf og illa launuð af ríkinu en er áhugasamt og meðvitað um það að besta lausnin fyrir börnin er vissulega að eignast fjölskyldu sem allra fyrst og alast upp við ást og umhyggju foreldra en ekki á stofnunum sem þessum.

Dæmigerður ferðamaður

Á milli þess sem Madam Coman og Cosana frænka hennar sem túlkar á ensku, þar sem M. Coman talar ekki ensku, voru með mig á ferð og flugi um allt, fór ég í gönguferðir um borgina með myndavélina og hegðaði mér eins og hinn dæmigerði ferðamaður. Búkarest er að mörgu leyti eins og ég var búin að ímynda mér, frekar drungaleg borg og þar er MJÖG mikil mengun frá alls kyns verksmiðjum og einnig er gífurleg mengun af bílum sem eru allt of margir og gamrir. Hálfkláraðar risavaxnar byggingar frá valdatíð Ceausescu eru nöturlegir minnisvarðar um fyrri tíma en þar er líka að finna fallegar byggingar í frönskum stíl enda var borgin eitt sinn kölluð „Litla París“. Mikið er af litlum kaffihúsum og veitingastöðum í öllum verðflokkum. Mikið er af fólkí á ferli og þrátt fyrir drunga er fólkvið mjög vinsamlegt og opið í samskiptum. Unga fólkvið talar flest hrafl í ensku. Eitt kom mér þó óneitanlega á óvart og það er það að konur fara ekki einar á veitingastaði jafnvel ekki á MacDonalds en þangað hætti ég mér til að fá mér franskar og kók og hvíla lúin bein og vakti óskipta athygli, ein á ferð!!

Ingibjörg Birgisdóttir

Af hverju börn forðast að tala um uppruna sinn og ættleiðingu

Foreldrar, sem sagt hefur verið að það sé eðlilegt hjá ættleiddum börnum þeirra að vera forvitin um uppruna sinn verða stundum ábyggjufullir þegar börnin sýna uppruna sínum áberandi áhugaleysi.

Foreldrar velta þá gjarnan fyrir sér hvort þeirra barn sé „eðlilegt“, hvort þau hafi ef til vill brugðist í að fræða barnið á réttan hátt um uppruna sinn, eða hvort ætluð forvitni barnsins um uppruna sinn og ættleiðingu sé ef til vill ofmetin.

Börn eru ólík og því er ekki endilega um áhugaleysi þeirra að ræða, þó þau vilji mörg hver lítið ræða um kynforeldra sína og ættleiðingu. Þar kunna að vera aðrar skýringar. Þau börn sem eru að eðlisfari opinská, ræða meira um ættleiðingu sína jafnt og önnur mál sem þau varða en hin sem eru hlédrægari í eðli sínu. Foreldrar sem eru óvissir um hvort börn þeirra tjá sig um þann áhuga sem þau í raun hafi, varðandi uppruna sinn og ættleiðingu, ættu að skoða á hvern hátt börn þeirra afla upplýsinga og hvernig þau tjá sig um önnur málefni sem þau varða.

Foreldrar ættu að spryja sig sjálf, hvort barn þeirra talar að öllu jöfnu opinskátt um vandamál sín og hugðarefni, eða hvort barnið leitast við að leysa málín á annan hátt, t.d. í leik, með tjáningu í tónlist, með teikningum eða á annan listrænan hátt eða jafnvel með hreyfingum sínum eða öðru háttalagi.

Umræða á eðlilegum nótum

Barn sem hefur tilhneigingu til að tjá sig á tilfinningaráskan hátt sýnir gjarnan meiri áhuga á uppruna sínum og ættleiðingu en hæglátara barn. Þó öll börn hafi einhvern áhuga á uppruna sínum eru þessi mál ekki endilega í huga þeirra alla tíð.

Foreldrar þeirra barna sem virðast áhugalítil varðandi ættleiðingu sína, ættu að hugleiða hvort þau hafi verið reiðubúin að ræða málið þegar barnið sjálft hefur sýnt því áhuga. Börn eru mun líklegrir til að tjá hugsanir sínar ef þau sjálf hafa frumkvædi og fá svör við spurningum sínum á þeirri stundu sem þær eru bornar fram. Einnig eru börnin opnari fyrir umræðu af þessu tagi ef málið ber að á eðlilegan og óþvingaðan hátt. Þar gæti t.d. komið til afleiðing athugasemda ókunnugs fólks, áhrif sjónvarpsefnis tengdu ættleið-

ingum eða upprunalandi barnsins eða aðrir þeir atburðir sem minna á uppruna barnanna.

Þetta þýdir að foreldrar verða að vera vel á verði og grípa tækifærið til að fræða barnið, þegar heppilegt tækifæri gefst. Þó foreldrum kunni að þykja þægilegast að ræða uppruna barnsins og ættleiðingu í rólegheitum á heimilinu gefst ef til vill besta tækifærið til slíkra umræðna í verslunarferð í Kringlunni, þegar farið er í bíltúr eða hvar annarsstaðar sem barnið sjálft sýnir áhuga.

Sumum foreldrum kann að hætta til að fara offari í þessum umræðum og ræða um ýmis smærri atriði sem börnin hafa ekki áhuga á eða eru ekki reiðubúin að takast á við. Þegar þetta gerist er eðlilegt að börnin leitist við að breyta um umræðuefni eða hreinlega gangi í burtu. Þá er barnið í raun að segja að þær upplýsingar sem foreldrarnir gefa séu því um megn og það þurfi tíma til að melta þær.



Stúlkur áhugasamari?

Ýmsir foreldrar ættleiddra barna hafa sagt frá því, að stúlkur séu áhugasamari um uppruna sinn en drengir. Ekki eru til rannsóknir sem sanna þessa fullyrðingu en þó er vitað að ættleiddar konur eru fjölmennari í þeim samtökum fullorðins fólks sem leitar uppruna síns og ættingja, en ættleiddir karlmann.

Þó sumir kunni að halda því fram að konur séu einfald-

lega forvitnari en karlar þá er sú skýring sennilegri að konur eigi auðveldara með að láta í ljós tilfinningar sínar og langanir en karlar. Þó bæði kynin upplifi höfnunartilfinningu gagnvart kynmóður sinni hefur sú tilfinning gjarnar önnur áhrif á karla en konur. Afleiðing þessa er sú að drengir eiga oft erfiðara með að láta í ljós áhuga eða umhyggju gagnvart kynmóður sinni en stúlkur.

Því betur sem foreldrar geta komið því á framfæri við syni sína að það sé allt í lagi fyrir þá að láta í ljós tilfinningar og þeim sé eðlilegt að þarfnaст hugsunar, því auðveldar eiga drengirnir með að tjá hugsanir sínar um uppruna sinn og ættleiðingu.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því, að foreldrar eru ekki ein um aðala upp börnin sín því börnin fá skilaboð úr öllu umhverfi sínu um það hvernig strákar og stelpur „eigi“ að vera.

Ein ástæða þess að börn ræða ekki að fyrra bragði uppruna sinn, kann að vera sú að þau kunna ekki að orða hugsanir sínar. Ef þú spyrð t.d. barnið þitt: „Hefur þú áhuga á að ræða um uppruna þinn“, er barnið allt eins líklegt til að svara að svo sé ekki. Ekki vegna þess að barnið hafi ekki áhuga heldur vegna þess að það kemur ekki hugsunum sínum í orð. Ef spurt er beinna spurninga t.d. „Hefur þú velt fyrir þér hvort þú átt systkini í Indlandi?“ er mun líklegra að barnið þitt vilji ræða málid. Börn bregðast þó ekki endilega strax við slíkri spurningu, þau gætu þurft tíma til að velta þessum möguleika fyrir sér. Það eitt að foreldrar beini slíkri spuringu til barnsins gefur því þó til kynna að það sé allt í lagi að velta þessum málum fyrir sér og óhætt að ræða þetta við foreldra sína.

Láta sem þeim standi á sama

Stundum sýna börn uppgerðar áhugaleysi gagnvart uppruna sínum til þess að fela sárindi. Á sama hátt og börn láta sem þeim standi á sama sé þeim ekki boðið í afmæli einhvers, gæti barn sem upplifir afneitun og höfnun kynforeldra sinna látið sem því standi á sama um allt sem þeim viðkemur. Sum börn kunna að vera treg til að ræða þessi málefni þar sem þau álíta, með réttu eða röngu, að umræðuefnid sé óþægilegt fyrir foreldrana. Á sama hátt kunna sumir foreldrar að eiga erfitt með að ræða þessi mál við börn sín, þar sem þeir eiga sjálfir óleyst vandamál gagnvart þeirri staðreynd að vera ekki líffræðilegir foreldrar barna sinna.

Foreldrar sem finna vanmátt sinn í þessum efnum, verða að reyna að leysa slík vandamál sín á milli, með þátttöku í hópi foreldrar ættleiddra barna eða jafnvel með aðstoð fagfólks. Stundum á kvíði foreldra gagnvart umræðu um ættleiðingar ekkert skyld við óleyst vandamál, heldur tengist kvíðinn fremur þeirri áráttu þeirra að vilja útskýra ættleiðinguna á hinn „eina rétta hátt“. Rétt hugtök eru mikilvæg

en meira máli skiptir að þeir sem ræða við ættleidd börn um uppruna þeirra, hafi skilning á málinu og jákvætt hugarfar en að kunna fræðihugtök til hlítar.“

Foreldrar sýni skilning

Foreldrar verða að muna að börn þeirra geta orðið sár og reið gagnvart einhverju sem vardar ættleiðingu þeirra og því er óraunhæft að ætlast til að alltaf sé hægt að ræða þessi mál á jákvæðum forsendum. Slíkt getur komið í veg fyrir að börnin tjáí sínar réttu tilfinningar.

Það er ólíklegt að börn vilji ræða uppruna sinn við foreldra sína ef þau fá þá tilfinningu að þau eigi alltaf að vera hamingjusöm og þakklát fyrir að hafa verið ættleidd. Börnin eru mun líklegri til að vilja ræða málin ef þau vita að þeim leyfist að tjá sína sönnu tilfinningar, hverjar sem þær eru. Foreldrar munu sjá að áhugi barna á uppruna sínum er mismikill eftir aldri og þroska. Viðhorf barnanna breytist með auknum þroska og þau verða oft mun forvitnari um uppruna sinn og einnig næmari á umhverfi sitt.



Jafnhliða því sem börnin verða sáttari við þau svör sem þau fá við spurningum sínum og hæfileiki þeirra til að skilja og aðlagast aðstæðum eykst, þá minnkar þörfin til að ræða þessi mál. Aukinn þroski og reynsla gera börnunum líka kleift að endurmeta skilning á uppruna sínum og ættleiðingu.


Þessi grein er eftir Lois Melina og birtist fyrst í ágústhefti tímaritsins „Adopted Child“ árið 1991.

Pýðing Ásdís Guðmundsdóttir.

Nýir Íslendingar



Róbert Smári Haraldsson er fæddur 10. nóvember
1995 í Calcutta.



Róbert Davíð Pálmarsson er fæddur 19. desember
1995 Calcutta.




Avanti Ósk kom heim til Seyðisfjardar í júní.
Hún er fædd í Calcutta 1. júlí 1995.



Kristinn Samúel Guðmundsson er fæddur
21. desember 1995 í Calcutta.

Lísa og Kári


Einu sinni var lítil stelpa sem het Lísa. Hún er 9 ára og hún á lítinn bróður sem heitir Kári. Hann er 3 ára. Mammam heitir Lína og pabbi Karl. Einn morgun sagði Lísa við Kára „Við skulum fara út að leika við Önnu og Kristján. „ Okei sagði Kári svo fóru þau út og hitti þau. Þau voru að fara í sendiferð fyrir mömmu sína. Anna spurði Lísu hvort að þau vildu koma með. Lísa sagði já já. Svo fóru þau af stað. Anna þurfti að kaupa margt, mjólk, egg og serios. Það var svo þegar þau voru búin að láta mömmu Önnu fá matinn þá fóru þau á leikvöllinn. Þar var gaman að leika sér.



Höf. Rakel Þórarinssdóttir, 8 ára, Húsavík



Á myndinni er Rakel með vinkonu sinni Söndru Oddsdóttur



Pessa mynd teiknaði Ívar Egilsson 7 ára af sér og kisu sinni Gosa. Kisa sem var 15 ára þegar hún dó er nú komin til guðs. Kisi var nú oft glæðlegur á svipinn eins og sést á myndinni. Hér að ofan er mynd af Ívari í skógarferð í Svíþjóð s.l. sumar.

Ferð til England sumarið 1995

Ég ætla að segja frá ferð sem ég fór með ömmu, mömmu og Líneyju systur minni. Við fórum til Englands. Mamma þurfti að fara á ráðstefnu og tók okkur með og við vorum í tvær vikur.

Sumarferðin til Longleat á Englandi var skemmtileg. Mamma fór einum degi á undan okkur svo komum við Líney og amma. Það voru tveir leiðsögumenn sem sýndu okkur staðinn. Það var dýragardur rétt við hliðina á okkur. Þangað fórum við og sáum mörg dýr t.d. apa sem héngu í rútunni, fíla, ljón og mörg fleiri dýr. Niðri á Plaza var ein stór sundlaug þar voru áreiðanlega tíu rennibrautir. Þar voru líka gróðursett pálmatré og líka sjoppa það var rosalega flott þarna inni. Svo voru flúðir sem var rennibraut með miklu meiri straum og alskonar hossum. Við kynntumst fleiri krökkum t.d. tveim stelpum frá Indonesíu. Ég kynntist líka stelpu sem heitir Gemma þegar að ég var í íþróttamiðstöðinni. Við höfum skrifast smá á í veturn. Við fórum líka oft út að borda. Barnaefnið og þættirnir voru miklu skemmtilegri en hérna. Mamma átti að fara einum degi á undan okkur en það losnaði eitt pláss í flugvélinni hjá okkur svo að hún kom með okkur heim.

Daginn eftir að við komum heim komu frænkur mínar í heimsókn frá Svíþjóð.



Höf. Brynja Dan Gunnarsdóttir, 11 ára

Ýmsar fréttir

Fræðslu- og umræðufundir

Ákveðið er að síðasta miðvikudagskvöld hvers mánaðar verði fræðslu- og umræðufundir á vegum félagsins. Hefur Snjólaug Stefánsdóttir uppedisfræðingur og fjölskylduráðgjafi tekið að sér að halda utanum fundina.

Vonandi sýna félagsmenn þessu framtaki ábuga og mæta vel og taka þátt í umræðu um málefni er varða uppledí og umönnun barna okkar. Miðvikudaginn 29.01. n.k. verður rætt um félagslega einangrun og einelti. Mikilvægt er að félagsmenn komi með ábendingar um málefni til umræðu.

Sendum leikföng til Búkarest

Núna þegar börnin okkar fá ný leikföng um jólin er tilvalið að senda barnaheimilinu í Búkarest þau gömlu í stað þess að setja niður í geymslu. Það eru aðallega leikföng fyrir aldur upp að 4 ára sem koma sér vel. Og ekki leikföng með batteríum. Komdu með þau niður á skrifstofu og við sendum þau.

Bók um rætur

Skrifstofan hefur undir höndum bækling frá Noregi sem heitir „Hvem er jeg?. Hann er skrifadur fyrir unglingsa sem leita uppruna síns og sérstaklega þá sem eru ættleiddir frá fjarlægum löndum.

Þar segir m.a. „Flestir hugsa fyrr eða seinna -hver er ég? Það er í eðli okkar að leita sjálfsímyndar. Og margir hugsa mikið um þetta á unglingsárum. Fyrir þau börn sem eru ættleidd erlendis frá er þetta einnig spurning um þjóðerni. Það getur verið ruglandi að líða eins og norðmanni en líta út eins og indverji þegar litíð er í spegil. Hver er ég og hvor heyri ég til?

Einmitt af því að blóðböndin vantar getur löngun eftir að líkjast einhverjum verið mikil. Strax og barn fæðist byrja vangaveltur um hverjum það líkist. Slíkar athugasemdir fær aldrei ættleitt barn. Er maður faeddur indverji, verður maður indverji í það minnsta í útliti. Það skiptir engu þó þú hugsi eins og norðmaður þér verður fljótt ljóst að þú færð aldrei nefið hans pabba eða augun hennar mömmu. Það er einkennileg tilfinning að vita að artur frá kynforeldrum þínnum er í hverri einustu framu en þú getur engar upplýsingar fengið um þau. Það að þekkja sig ekki alveg í foreldrum sínum er eitthvað sem getur verið erfitt.“

Til foreldra indverskra barna!

Foreldra indverskra barna vinsamlega skilið skýrslum um þau á réttum tíma - þrátt fyrir breytingar í Calcutta.

Skrifið skýrslurnar:

To whom it may concern

Frá ritnefnd

Við auglýsum eftir efni í Fréttabréfið. Sendið okkur greinar, sögur af börnunum. Sérstaklega viljum við hvetja börnin til að senda okkur línu og efni á barnasíðu blaðsins. Við óskum ykkur gleðilegra jóla. Sjáumst á jólaballi og síðan á umræðufundi í lok janúar.